



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 17. apríl 2013 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Baldur Magnússon, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Kjörskrá vegna alþingiskosninga 2013

Fyrir fundinum lá kjörskrá vegna alþingiskosninganna sem fram fara 27. apríl nk. Sveitarstjórn hafði áður fengið kjörskrárstofninn sendan bæði í tölvupósti og á pappír. Skráin byggir á kjörskrárstofni sem Þjóðskrá gerir og miðast við skráð lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag. Sveitarstjórn samþykkti kjörskrána og fól sveitarstjóra að afgreiða kærur sem upp kunna að koma en síðan að undirrita hana og afhenda kjörstjórn.

2. Útboð hitaveitu

a) Fyrir fundinum lágu gögn um útboð á dreifikerfi sem er í tilboðsferli. Í gögnum kemur fram að tilboð í verkið verða opnuð 23. apríl n.k. Gert er ráð fyrir að samningur við verktaka geti verið kominn á innan hálfis mánaðar frá þeirri dagsetningu. Verkinu verði skipt niður í nokkra verkhluta og gert ráð fyrir að lagningu dreifikerfis verði lokið í september. Ef allar áætlanir ganga eftir ættu fyrstu hús að geta tengst í byrjun október. Sveitarstjórn fór yfir helstu þætti sem snerta fyrirhugaðan framgang verksins og samskipti milli verkkaupa, verksala og íbúa á Skagaströnd. Sérstaklega var farið yfir fyrirhugaðan framgang verksins og skiptingu þess í verkþætti.

3. Gjaldskrá bókasafns

Fyrir fundinum lá gjaldskrá bókasafns Skagastrandar. Sveitarstjórn ræddi gjaldskrána en hún var síðan samþykkt samhljóða. Jafnframt samþykkt að kynna safnið sérstaklega fyrir börnum og unglingum og hvetja þá til að nýta sér það.

4. Ársreikningur 2012, fyrri umræða

Davíð Búi Halldórsson, endurskoðandi sveitarfélagsins mætti á fundinn og kynnti helstu niðurstöður ársreiknings sveitarsjóðs og stofnana fyrir árið 2012 og fór yfir lykiltölur og samanburð við fjárhagsáætlun.



Vegna gerðar ársreikningsins og þeirra breytinga sem urðu frá samþykkttri fjárhagsáætlun og hvernig ársreikningi er stillt upp var eftirfarandi viðauki við ársreikning samþykktur:

1. Að 150.000.000 kr. sem færðar voru í sjóðstreymi áætlunar 2012 sem eignfærsla vegna greiðslu sveitarfélagsins til RARIK á árinu vegna hitaveitu verði færð undir rekstrarlið í deild 21.
2. Að skuldbinding að upphæð 30.000.000 kr. sem kemur til greiðslu 2014 samkvæmt samningi við RARIK vegna hitaveituvæðingar verði einnig færð undir deild 21 í rekstri í ársreikningi 2012 og bókuð sem viðskiptaskuld.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og samþykkti að vísa honum til annarrar umræðu á næsta fundi.

5. Bréf:

- a. Áslaugar Ottósdóttur, dags. 1. apríl 2013

Með bréfinu er annarsvegar óskað eftir styrk til búnaðarkaupa og vegna starfsmanns. Sveitarstjórn ræddi erindið og samþykkti að fela sveitarstjóra að fá nánari útskýringar á erindinu.

- b. UMFÍ, dags. 2. apríl 2013

Með bréfinu er kynnt ályktun ungmenna frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði sem haldinn var á Egilsstöðum 20.-22. mars sl.

Bréfið og ályktunin voru til kynningar.

- c. Bæjarstjóra Blönduósbæjar, dags. 21. mars 2013

Með bréfinu óskar bæjarstjóri fyrir hönd Blönduósbæjar eftir að sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu fjalli um málefni byggðasamfélaga sveitarfélaganna á sameiginlegum fundi og óskar jafnframt eftir umræðum á fundinum um að fela til þess bærum aðila að skoða kosti þess og galla að sameina Austur-Húnavatnssýslu í eitt sveitarfélag.

Fram kom að fyrirhugaður fundur sé áætlaður 30. apríl.

- d. SSNV, dags. 27. mars 2013

Með bréfinu sem er tölvubréf tilkynnir Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri SSNV að 21. ársþing samtakanna fari fram dagana 18.-19. október 2013 í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Bréfið var til kynningar.



e. Hollvinum Húna II. dags. 2. apríl 2013

Með bréfinu er óskað eftir styrk vegna 50 ára afmælis Húna II. Hollvinir Húna II. óska eftir stuðningi til að halda upp á afmæli bátsins í maí nk. með því að sigla honum kringum landið, t.d. með niðurfellingu hafnar- eða aðstöðugjalda. Í tilefni tímamótanna verði boðið um borð 21. maí þegar báturinn verði í höfn á Skagaströnd. Sveitarstjórn ræddi erindið og samþykkti að styrkja verkefnið sem nemur 75 þús. krónum.

f. Íþróttafélagsins Hugins, dags. 1. mars 2013

Með bréfinu er farið fram á styrktarlínu í afmælisrit Hugins á Seyðisfirði í tilefni 100 ára afmælis félagsins. Samþykkt styrktarlína 12 þús.

6. Fundargerðir:

a. Skólanefndar FNV, 20.03.2013

Fundargerðin var til kynningar.

b. Starfshóps um dreifnám í A-Hún, 02.04.2013

Fundargerðin var til kynningar.

c. Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 21.02.2013

Fundargerðin var til kynningar.

d. Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 03.04.2013

Fundargerðin var til kynningar

e. Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 11.03.2013

Fundargerðin var til kynningar.

f. Stjórnar SSNV, 26.02.2013

Fundargerðin var til kynningar.

g. Byggðasamlags um málefni fatlaðra á NI. vestra, 26.02.2013

Fundargerðin var til kynningar.

h. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 14.03.2013

Fundargerðin var til kynningar.



i. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 01.03.2013
Fundargerðin var til kynningar.

j. Menningarráðs Norðurlands vestra, 11.03.2013
Fundargerðin var til kynningar.

k. Menningarráðs Norðurlands vestra, 25.02.2013
Fundargerðin var til kynningar.

7. Önnur mál

- a) Erindi frá handverksgalleríinu Djásn & Dúllerí, dags. 15. apríl 2013.
Með bréfinu er óskað eftir að sveitarfélagið styrki galleríið með því að leggja til starfsmann úr vinnuskóla í hálfstarf yfir sumarmánuðina. Samþykkt.
- b) Umræður urðu um stöðuleyfi fyrir gáma.
- c) Þátttakendur í nýafstaðinni Skotlandsferð gerðu grein fyrir því helsta sem vakti athygli eða var sérstaklega til skoðunar í ferðinni.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12¹⁰

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Baldur Magnússon,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson